

**465. fundur Hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn Miðtúni 1,
Tálknafirði, þriðjudaginn 18. mars 2014
og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir (EIS) Formaður, Birna Benediktsdóttir (BB) Aðalmaður, Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG) Aðalmaður, Ásgeir Jónsson (ÁJ) Aðalmaður, Björgvin Smári Haraldsson (BSH) Aðalmaður, Indriði Indriðason Embættismaður og Ása Jónsdóttir (ÁJ).

Fundargerð ritaði: Ása Jónsdóttir, Ritari

Oddviti kannað hvort athugasemdir væru við fundarboðun. Svo var ekki. Oddviti lýsti fundinn lögmætan.

Dagskrá:

- 1. 1403027 - Fundargerð 39. fundar verkefnahóps um málefni fatlaðra, frá 12. mars 2014.**
Til kynningar.
- 2. 1403013 - Fundargerð 813. fundar Sambands íslenskra sveitarfélaga, frá 28. febrúar 2014.**
Til kynningar.
- 3. 1403002 - Þjóðbúningafélagið Auður, umsókn um styrk erindi dags 3. mars 2014.**
Sveitarstjórn samþykkir að greiða styrk að upphæð 35 þús.kr. Samþykkt með 3 atkvæðum, BB og BSH sitja hjá.
- 4. 1402058 - Erindi frá EFS vegna fjármálastjórnunar.**
Sveitarstjóri og oddviti kynna svarbréf vegna fyrirspurnar frá EFS. Samþykkt samhljóða.
- 5. 1403028 - Fundarboð á aðalfund Lánasjóðs sveitarfélaga. sem haldinn verður 27. mars 2014.**
Sveitarstjórn samþykkir að EIS fari með atkvæði Tálknafjarðarhrepps á aðalfundi Lánasjóðs sveitarfélaga þann 27. mars 2014. Samþykkt samhljóða.
- 6. 1403030 - Aðgangur að kjördeildarkerfi. 4 mars. 2014.**
Sveitarstjóra falið að sækja um aðgang að kjördeildakerfi þjóðskrár. Samþykkt samhljóða.

7. 1403029 - Breytingar á sektarreglugerð vegna hámarkshraða í sveitarfélögum. 13. mars 2014.

Sveitarstjóra falið að tilkynna til innanríkisráðuneytis hver sé hámarkshraði í þéttbýli í Tálknafirði.
Samþykkt samhljóða

8. 1403032 - Hvetjandi hf. hlutafjárukning.

Sveitarstjórn samþykkir að kaupa hlut í hlutafélaginu Hvetjanda, kt. 510204-3790., að upphæð 2. milljónir króna.
Samþykkt samhljóða.

9. 1403031 - Íbúafundur Tálknafjarðarhreppi. 29 mars 2014.

Samþykkt er að halda íbúafund þann 29. mars í Íþróttahúsinu á Tálknafirði.
sveitarstjóra falið að klára dagskrá og auglýsa fundinn.
Samþykkt samhljóða.

10. 1402055 - Uppgjör samstarfsverkefna Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar 2013.

Uppgjör samstarfsverkefna eru í vinnslu og verður þeim lokið með uppgjöri samstæðu Tálknafjarðarhrepps.
Til kynningar.

11. 1403033 - Úttekt á sundlaug.

Kynnt eru drög að skýrslu sem verkfræðistofan Mannvit vann fyrir sveitarstjórn vegna viðhalds og uppbyggingar sundlaugar í Tálknafirði. Niðurstaða verður kynnt á íbúáþingi.
Samþykkt samhljóða.

12. 1312029 - Upplýsingagjöf sveitarstjóra.

Sveitarstjóri kynnti stöðu á uppgjöri samstæðu Tálknafjarðarhrepps. Vegna afgreiðslu sveitarstjórnar á ársreikningi Tálknafjarðarhrepps og stofnana hans verður sveitarstjórnarfundur í apríl haldinn 22. apríl í stað 15., og maí fundur þann 13. maí í stað 20. maí.
Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19.35.
